



Fundargerð 243.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 18. september 2019 kl. 16.15 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnahúsinu við Fiskitanga á Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Jón Þór Benediktsson, Eva Hrund Einarsdóttir, Hreinn Pálsson, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Þröstur Friðfinnsson og Ólafur R. Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun HN 2019, fyrri umræða.

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti drög að fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2020. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til seinni umræðu.

2. Framkvæmdaráætlun HN 2020.

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti framkvæmdaráætlun HN fyrir 2020. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til seinni umræðu.

3. Staða framkvæmda.

Hafnarstjóri fór yfir framgang þeirra verka sem eru í vinnslu og eins þau verk sem verða framkvæmd í haust og vetur. Stækkun á hafnahúsinu verður boðin út í þessari viku auk þess sem stefnt er að því að bjóða út þekju og lagnir á lengingu á Tangabryggju fyrir áramót.

4. Önnur mál.

Viðauki 01 við Fjárhagsáætlun.

Borist hefur erindi frá bæjarstjóra Akureyrarbæjar vegna þjónustu ferðamálafulltrúa. Lögð fram tillaga að viðauka 01 við fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2019. Stjórn HN samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2019, sem hefur auðkennið 01/2019, og gerir ráð fyrir styrk vegna þjónustu ferðamálafulltrúa hjá upplýsingamiðstöð/Akureyrarstofu að upphæð kr. 3.000.000 og er fjárhæðin tekin af handbæru fé.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

Fundi var slitið kl. 18:00



Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Jón Þór Benediktsson

Eva Hrund Einarsdóttir

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

Hreinn Pálsson

Þröstur Friðfinnsson

Ólafur Ólafsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
